

Fjórði fundur haldinn á Breiðabliki mánudaginn 4. apríl 2016 kl. 21:30

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Ragnhildur Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Svæðisgarða undir lið 1 og 2
Halldór Sigurkarlsson undir lið 3.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Breiðablik – upplýsingarmiðstöð fyrir ferðamenn. **Ragnhildur Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Svæðisgarða fór yfir hvers vegna svæðisgarðar fóru þess á leit við hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps og hugmyndafræðina á bak við að starfrækt yrði upplýsingarmiðstöð og gestastofa á Breiðabliki. Ljóst er að sameiginleg upplýsingarmiðstöð með þátttöku allra sveitarfélaga á Snæfellsnesi getur aldrei orðið að veruleika nema á hlutlausum stað og hentar breiðablik því vel. Hreppsnefnd hefur tekið vel í þessar hugmyndir Svæðisgarðs og er tilbúin að þróa þær áram.**
2. Breiðablik – bensínstöð. **Oddviti fór yfir hvernig málið hefði komið inn á borð hreppsnefndar en á síðasta fundi lá fyrir erindi frá N1 um að ganga til viðræðna við hreppsnefnd þar sem ljóst var að ekki myndi vera áfram bensínstöð á Vegamótum. Viðræður hafa staðið yfir milli oddvita og eigenda Fáskrúðarbakka og eru hér með lögð fram drög að viðauka við leigusamning um lóðina frá 1993. Viðaukinn samþykktur samhljóða með fyrirvara um að af bensínstöð verði.**
3. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Múlavirkjunar í Straumfjarðará sem auglýst var 19. nóvember 2015. **Oddviti lýsti sig vanhæfan til að taka þátt í afgreiðslu þessa liðar og tók varaoddviti við stjórn fundar. Halldór Sigurkarlsson tók sæti í hreppsnefnd. Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkir að senda breytingartillöguna til afgreiðslu Skipulagsstofnunar ásamt viðeigandi gögnum með vísan til 3. Ml. 3 mgr. 41. Gr, skipulagsslaga nr. 123/2010 sbr. 1. Mgr. 42.gr. laganna.**
4. Bréf dagsett 14. Mars 2016 frá Minjaverði Vesturlands. **Samþykkt að verða við beiðni Minjavarðar.**
5. Aðalskipulag sveitarfélagsins – beiðni um breytingar. **Oddviti fékk ábendingar um að ekki fengjust styrkir í reiðvegi vegna þess að þeir væru ekki merktir inn á aðalskipulagið. Samþykkt samhljóða að fela oddvita að leita til Alta og skoða með þeim að taka upp aðalskipulagið og leggja fyrir næsta fund tillögu í þeim efnun.**
6. Kjör fulltrúa sveitarfélagsins í stjórn SSV og einn til vara. **Oddviti valinn aðalmaður og Atli til vara.**
7. Farið yfir gjaldskrá vegna sorphirðu. **Gjaldskráin óbreytt.**

Mál í vinnslu.

8. Verkefnið Betra ljós.
 - Svör fjarskiptafyrirtækja við auglýsingunni. **Oddvita falið að ræða við fyrirtækin, Mílu og Vodafone.**

Lagt fram til kynningar:

9. 133. fundur Fundargerð 07032016
10. Fundargerð 80. stjórnarfundar FSS og fulltrúa svfél 09032016
11. fundargerð_837
12. Ársreikningur ÞRMF 2015
13. Málefni fatlaðra- innlegg í ársskýrslu 2015

Ekki fleira gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)
Halldór Jónsson (sign)
Gísli Guðmundsson (sign)
Atli Sveinn Svansson (sign)
Eggert Kjartansson (sign)
Halldór Sigurkarlsson (sign)